

20. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 39. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins sbr. lög nr. 58/1995.
21. *Stjórn Akranesveitu*. Fimm aðalmenn og fimm til vara samkvæmt reglugerð um Akranesveitu og samþykktum bæjarstjórnar.
22. *Stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Einn endurskoðandi og einn til vara skv. samningi eignaraðila og samþykktum HAB.
23. *Starfskjaranefnd*. Þrír aðalmenn skv. grein 12.1. kjarasamnings STAK og Akraneskaupstaðar, sem taki til meðferðar ágreiningsmál sem upp kunna að koma varðandi laun og kjör starfsmanna.
24. *Starfsmatsnefnd*. Tveir aðalmenn skv. grein 12.2. í kjarasamningi STAK og Akraneskaupstaðar.
25. *Búfjárefirlitsmaður*. Tilnefning búfjárefirlitsmanns skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. október 1997.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um veitinga- og gististaði nr. 288/1987 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 12. gr. bætast eftirfarandi málsgreinar:

Rúm skulu vera a.m.k. 2,00 × 0,9 m fyrir einn, en a.m.k. 2,00 × 1,4 m fyrir tvo. Í rúmi skal, auk sængur og koddar, vera hlífðardýna og rúmteppi sem auðvelt er að þvo.

Borð og lesljós skal vera við hvert rúm. Í herbergi skal vera góð lýsing og þannig frá gluggum gengið að útiloka megi birtu.

Gestir skulu eiga aðgang að síma.

Ákvæði 2.-4. mgr. gilda ekki um gistiskála.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði nr. 67, 28. júní 1985 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 20. október 1997.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.